

Menn þurfa að læra að þekkja Heimdall handan skilningarvitanna.

सुखमात्यन्तिकं यत्तद्विद्विग्राह्यमतीन्द्रियं वेत्ति यत्र

Það er hin fingerðasta tilfinning fyrir tilverunni.

**Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu**

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

35. ISBN 978-9935-409-34-8

hljóð og efni


Göia goði, Óðsmál,

<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejjukeittir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080



Brahma Vidya

„Þeir bændur sem kunna þau hljóð sem ræktun byggir á, rækta heilbrigðar jurtir.

Þekkingin kemur í stað eiturefnanna.

Eiturefnin eyðileggja jörðina og lífverurnar,
riðla náttúrunnar eðlilega ferli, og trufla heildina.
Heildin verður að skiljast.

„Vedic Food for Vedic Consciousness”, veda-fæði handa veda-vitund:
Inngangur að Maharishi „vedískum” lífrænum lanbúnaði
kynningin á Brahma Vidya er skrifuð af John og Söru Konhaus

Takmarkið er að lífga alla tíva í veröld,
að bóndinn, landbúnaðurinn og umhverfið séu í fullkomnu samræmi
innbyrðis.

Hvað er ræktun í samræmi við náttúrulögmálin?

Hvað eru „vitsmunir í náttúrunni”?

og: hvernig er hægt að rækta með hljóðum??!!

Nú skulum við reyna að skilja það einfalda mál, hér útskýrt í löngu máli,
en útá það mál gengur þessi „35., hljóð og efni”

Viðhöttur vitki sagði: यो जागार तमूचः कामयन्ते।

jó djaagaara tam ritsjah kaamayante

fíngerðustu hljóð sköpunarinnar finna þann sem er vakandi

Ath: þau finna hann!

*(„vaka“ er hér annað en 3ja vitundarstig!!, þessi „vaka“ er að vera
fullkomlega tær og streitulaus, uppljómaður.)*

Smátt og smátt, við iðkun TM og TM-sidhis®

verður hugurinn næmari á hljóð,

dýpstu hljóð innan náttúrunnar,

Gungni,

við verðum Heimdallur sem heyrir,

og við verðum Sága sem sér.

TM og TM-sidhi® og yogaflug er ótrúlega skemmtilegt,

það er heimsókn heim í Glæðheima,

iðkendur eru með bros á vör, samadhi-brosið fræga.

Það er ekki á sviði skilningarvitanna og tilfinninganna,

heldur miklu dýrpa en hin fína sæta kraftlitla hverfula skapaða veröld.

Við erum að tala um svið veda-hljóðanna, og gapsins (shandi) milli þeirra.

-- sem flæða úr einu í annað.

Flæða úr „A“ í 192 hljóð -- og hvernig gapið er sköpunin.

Tívar eru grunnurinn undir þeim. Hver tekur við af öðrum í flæði.

Hér erum við á því sviði hvar fyrirfinnst hið smæsta af hinu smæsta,

*hið smæsta af smæsta sem vefur saman og tengir óendanleikann,
svo smátt að það getur verið alls staðar í senn,
er takmarkalaust.*

*Við erum að tala um það sem eiginlega er ekki skapað,
og þá gætu sumir sagt að við séum að tala um tóm, um ekki neitt.*

*Það er vegna smæðar þess smæsta
og stærðar þess sem er stærra en hið stærsta.*

*Þeir sem útfrá þessu sviði tilverunnar vinna/hugsa, eru alls staðar í senn.
Þessa vegna mælast Maharishi-áhrifin af yoga-fluginu.*

*Hér er hugur manns á fingerðasta mögulega stigi
og í fullkomnu samræmi við tívatún, samsvið náttúrulögmálanna,
og hugsar þaðan.
Hér verða aðeins týréttar hugsanir til,
því hér er allt í þundarflæði.*

hljóð og efni

ved vani वेद् वनि दैवि शक्ति daivi shakti, vishve devaa विश्वे देवास्

*-Heilir allir Vanir,
heill Heimdallur !*

-Veröld er hljóðheimar, ljóðheimar,

Gungnir, hljóðin, bylgjurnar, eru einnig í mönnunum.

Vitund titrar sem hvatar, hvatar í vitund, sem hljóð vedu,

ved vani वेद् वनि

Heyrum við nokkuð grasið gróa og ullina vaxa?

*Vitund er á hreyfingu, gengur í bylgjum, mjög stórum bylgjum,
Gungnir á Gungni ofan.*

Gungnar allir í hinu skapaða eiga upptök sín í tívatúni,

því þar eru hljóð vedanna -- ved vani. वेद् वनि

Við vitum að lífið er Gungnir.

Við vitum að allt skapast úr tívatúni,
hvar tefla æsir og teitir eru skaparar.
Kyrrð, orka, skapari í eind.
Gungnir er vopn vitundar.

Gungnir er sjáanlegur og mælanlegur skilningavitum og græjum
í verslu okkar,
en tívatún, taflíð og teitin, grundvöllur Gungnis, er ekki þannig
nemanlegt.

En við erum það og getum gerzt svo fingerð að við heyrum.

Vitum við hvaða áhrif allar þessar bylgjur hafa á okkur?

Í daglegu lífi hafa þær áhrif á hugsun, hegðun, heilsu,
á þjóðfélagsstjórnun, á lífið í þjóðfélagi, á allt líf á jörðu.

Vitum við að við sköpum Gungni?

Þegar við framkvæmum, hugsum, tölum,
sköpum við bylgjur.
Að sjá, heyra, neyta matar, hugsa um eitthvað,
hefur áhrif á okkur.
Og ekki nóg með það: einnig á aðra.

Hvers við neytum skiptir máli:

Aukaefni í matvælum valda misræmi, hlaða upp ama अम

Hugur er háður fæðugæðum

djaisaa khaave anna vaisaa bane mana जैसा खावे अन्न वैसा बने मन
djaisaa khave ann vaisaa bane man,
svo sem maturinn sem neytt er er, þannig er og hugur þess manns.



Byggvir og Beyla



Hvað við hugsum skiptir máli:
Hugsanir meltast, því allt er Gungnir, bæði hugsun og líkami.

Venjulega mannsins hugsanir hafa áhrif á smá lítið svið í kringum sig, kringum þann sem hugsar.

Ekki er gott að búa undir háspennulínu, né heldur við spennistöð.
Ekki geyma gemsann við hjartað, í brjóstvasanum.
Hann skemmir líka segulrönd greiðslukortsins.
(möo: passið hjartað og greiðslukortið, hmmm?)

Bylgjur hafa styrkleika, bylgjulengd, og þær hafa leið og átt einnig.

Svo hafa þær áhrif hver á aðra.
Ýkja og efla hver aðra eða upphefja hver aðra.
2 jafnir hátalarar í synchi hlið við hlið verða styrkleiki 2 í öðru veldi ($2^2=4$),
3 magna hljóð í synchi (synchronískt, samræmt í tíma) í $3^2=9$.

Þetta á einnig við um hóp af TM-iðkendum saman,
og TM-sídhí iðkendum saman.
Veldishækkandi Maharishi-áhrif.
En hér er Gungnir sterkur og getur haft **áhrif allsstaðar í senn**,
og á miklu víðara sviði en hljóð úr hátölurum og grunnar hugsanir.

Ímyndum okkur hafið og öldurnar.
Við sjáum öldurnar skvettast,
vitum að þær eru hafið.
Færum Ægi í huganum yfir á líf einstklings, þjóðar, allra þjóða á jörðu.

Dýpið er kyrrt, öldurnar á yfirborðinu skvettast.

Stjórnarskrá alheims, lögmál úr tívatúni, er hið fullkomna flæði sem skapast.
Í vedum heyrast fyrstu ummerki hljóðanna.

mantra brahmanyor veda naama dheyam मन्त्रब्रह्मण्योर्वेदनामधेयम्

A er sarva vak सर्व वक्
sarva öll, vak atkvæði, allt er í A, allt er úr A.

Hljóðin sköpuð eru í heiminum.
Pau skapast úr ginnungagapinu milli atkvæðanna.
Hljóðin og gapið í vedum eru á hinu óskapaða sviði.

http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html

mantra brahmanyor mantra brahmanyor mantra brahmanyor

Í réttu ferli kemur þetta samhljómi og jafnvægi að á ný,

kemur réttum Gungni á að nýju,

-- í frumum líkamans, og í öllu í hinni sköpuðu veröld.

Veröldin er hljóð, við erum hljóð. Allt er Gungnir, vopn vitundar.

Þetta er kannski á dýpra sviði en mannleg skynfæri og skilningarvit nema (26.).

Það, -- sem hægt er að sjá, heyra, snerta, bragða, sem sagt finna með tilfinningum og skilningarvitum, -- er ekki raunveran sjálf, heldur hið skapaða.

(26.)

Þessa vegna fara efnisagnarannsóknir aldrei alla leið í uppruna þeirra.

Allar rannsóknir á efnisögnum sem „Particle Experimentalists“ stunda, eru komnar úti horn, með hverfulum kvörkum sem stríða endlaust karlagreyjunum með græjurnar sínar fokdýru.

Auðvitað er Gungnir í öllu.

Grasið grær og ullin vex,

allt grær og vex,

vel eða illa

--- eftir því hvernig Gungni það beitir,
hvernig Gungni það mætir í umhverfinu, og í næringunni.

Mennirnir bera ábyrgð á þessu.

Það er á mannanna könnu að láta jurtir fá uppeldi í góðum Gungni!!

Uppi á stól stendur okkar kannar,

og bíður þess að við gerum skyldu okkar:

heilbrigðan Gungni öllu.

Níu náttum fyrir jól kemur öll þekkingin til allra manna.

Þegar vitund okkar breytist til batnaðar, þróast, og við verðum fingerðari, þá finnum við raunveruna, ekki sem hugsun, ekki sem hlut, ekki sem tilfinningu, né heldur á sviði tilfinninga,

búin erum við þá að finna tilurð okkar
og finna nálægð raunverunnar.

Raunveran er aðeins hún sjálf. --- Altær.

Svið raunverunnar er mönnum kleift að upplifa

-- eiginlega: upplifa vitsmuni,
eða upplifa huga án afmarkaðs rúms --

og menn öðlast hér, á þessu sviði tilverunnar, reynzlu og þekkingu.

9 galdra góða,
fimbulrúnir,
stinna stafi

Því hér er allt sem er !!

rún sem er hvílsað leyndarmál,

shrúti श्रुति heyra shrútva shrúta श्रुत श्रुत्व heyr

fimbulrún er ægikraftur sem uppljómaður maður hefur,
og hann heyrir Gungni,
og kannski er þetta að kunna fuglamál.

Mannshugurinn nær grundvallarsviði tilveru sinnar auðveldlega og
áreynzlulaust með TM-samsviðstækninni og -vísindunum.

Á þessu sviði, innst inni, upplifum við breytingar á rúminu.

Hugur er ekki fastur í tíma og rúmi,
hugurinn verður hér fær um að samsvarast fingerðri upplifun.

Þarna byrjar tímarúmsfroðan að vella.
Vellur og bullar í sífellu.

Freyja (froðan) sköpunarkrafturinn.

Þarna og þannig verða ormagöngin / ormaholurnar til.
Óðinn bregðst í ormslíki og smýgur innan tímarúmskvoðunnar

--- í tíma- og rúmsleysi.

Ormagöngin hans Rata og svo Bölverks
hlíta ekki kenningu um orsök og afleiðingu

hlíta ekki orsakakenningu Einsteins, samhengi orsaka og afleiðinga.
Þarna virkar allt fram og til baka um allt í tíma- og rúmleysi,

samtímis alls staðar -- allt í senn,
9 nætur tímaleysis,

þ.e. hang manns í engum tíma (Hávamál 138 o.áfr.),
3 nætur Óðins hjá Gunnlöðu í Hnitbjörgum,
maður að ná miðinum mæra í tíma- og rúmleysi.

Sólkerfið okkar -- það náttúrulögmálið sem mest áhrif hefur á líf okkar--
er einnig víbrur, Gungnir, gárur, ýfing,

hlýrn, dagur-nótt, hafa áhrif á mannslíkamann, (17.)
og maðurinn hefur áhrif á umhverfi sitt.

Allt er hljóð,
ymir om úr A

naamarúpa नामरूप nafn og lögun(/form)

Ómi Vei Gungnir cal (frb.tsjal) चल् Gungnir vípra titrar विप्र

K- A umbreyting (úr punkti K, í flæðið A)
Heimur er ymjandi fegurð,

hér fer saman að allt er líflegt ,
allt er styrkur,
og hér eru gáfur/vitsmunir að verki
-- að auki allt í reglu,

úr sviðinu „innan heimsins“ virka 9 galdrar góðir og ljóðin,

Gungnir endurvarpar hverri ögn efnis og hverri bylgju
sem kemur úr svinninum mikla,
heildinni miklu,
titrandi ómandi endurvarpandi,
Gungnis-eiginleikinn í hverjum dropa/punkti alheimsins vitsmuna.

Heimurinn er sem bulluhver
gefur frá sér orku með gosum úr svinni
tívatún veldur hjartslætti alheimsins.

Hljóðin og gapið --sem við heyrum í vedum-- eru á hinu óskapaða sviði

gap hljóð gap hljóð - orð af orði leitar - allt verður til úr gapinu

mantra brahmañyor mantra brahmañyor mantra brahmañyor

मन्त्र ब्रह्मण्योर् मन्त्र ब्रह्मण्योर्, मन्त्रब्रह्मण्योर्वेदनामधेयम्

mantra brahmaṇyor veda nama dheyam

Eru vanir hljóð?

ved vani?

frumhljóð heimsins? „primordial sounds“?

Eru vanir hljóð, bylgjur, Gungnir,
hljóð á fingerðum sviðum, í upprunanum,
sem Njörður og Njörun, vísast ægikraftur upprunalegur?

Pralaya er ragnarök er ymur hið aldna tré, ymur=gefur frá sér hljóð
naraka er niflhel,
og margt er, sem við ekki náum alveg.

Náttúrulögmálin sjálf eru Gungnir, hvatar að sköpun sem bylgjur, hljóð,
vopn vitundar,
sýndar-sveiflur á skammtafyrirbæranna velli.

Goð eru forsetar náttúrulögmálanna,

Orkumikil kyrrð er eindin, ekki sofandi, vitund sefur aldrei,
ósköpuð enn,
hefur ekki tjáð sig,
byrjar með athygli, þegar Óðinn leitar, vill finna, vill vita,
Vili sá vilji til að forvitnast og vita allt,
og titrandi Véi það sem finnst,
áfram þó eind, eindin mikla,
því innan hennar er allt í eind þrátt fyrir að úr henni skapist allt.

Einstaklingur, aham, ek, अहम् -- er hummandi náttúrulögmál
við erum Gungnir einsog allt annað.

Útkoman sjálf er sýnileg,
en það svið, sem hún er úr komin, er ósýnilegt mannanna augum.

„A“ lagskipt í 8 lög, hljómar og dofna,
liggur til grundvallar skilningarvitunum okkar (26., höfuðskepnur).

Gungnir í aatma आत्म eru vedanna hljóð

kraftur innan aatma, alheimsvitundar, kyrrðar,
sem er lðavellir -- ómandi orka á sífelldri fimbul-hreyfingu
orku-Gungnir sem vísar aðeins í sjálfan sig innan eindarinnar.

Eindarinnar, ætíð vísandi aðeins í sig sjálfa.
Þar er hið fullkomna samræmi, sem stjórnar alheimi í reglu.


Allar jurtir eru Gungnir

og með því að syngja eða spila gandharva ved, kemur náttúrulegur samhljómur.


Þá þarf maður að vita hvaða hljóð/söngur er fyrir fræið,
hvaða hljóð fyrir hvert vaxtarstig,
og ræktandinn, bóndinn, þarf að vera altær.

Ekki er nóg að kenna ræktun, heldur verður að rækta ræktandann!!


Brahma Vidya er þekkinging:
Lífið er ekki litlir þættir, heldur heild.
Svo við fáum heildarþekkingu.



gandharva-ved tónlistartímar;



eyktir, sjá 19. jörð, .



og vata-, pitta-, kapha-tímabil sólarhringsins og ársins.

Sérstök gandharva-ved tónlist er fyrir hvert tímabil sólarhringsins.

Hjá, Heimsfriðarríkinu, Global Country of World Peace, er ekki aðeins talað um lífræna ræktun, heldur „maharishis vedíska lífræna ræktun“, „Maharishi Vedic Organic“,

því menn á þeim bæ,
-- í ríkinu sem gegnir foreldrahlutverki fyrir allar þjóðir heims --

hafa Gungni ræktunar sem þekkingu sína!!!

Hvert vaxtarskeið plöntu hefur sérstakan Gungni,
og þar með ákveðið gandharva!!

http://www.mvoai.org/07_consciousness.html

http://www.mvoai.org/04_uf.html

Entire contents copyright © Maharishi Global Administration through Natural Law SM. All
rights reserved.

[Please refer to legal details concerning copyright and trademark protection.](#)

Föt eru úr bómull, baðmull, sem er ræktuð með réttum Gungni,
og jurtirnar eru lífrænt ræktaðar með hljóðum vedanna.

Úr hvaða efni eru fötin þín? (!)
Eru þau úr hljóðréttum efnum?

Óðinn Vili Vei Vei Vili Óðinn eru grundvallaeiginleiki sköpunar alheims.
Við förum innfyrir,
finnum okkur innan einstaklingssvinnis, aham,
= hér sem „ég” verð til, ahamkara, hér sem ég bý mig til sem einstakling,

hér, á því sviði sem lögmál náttúrunnar humma sinn óm,
allt ómar, ymjandi,
jafnvel Óðinn er Ómi,
titringur Gungnis -- hið fingerðasta skapaða -- verður til hér

komum inn í gapið ginnhelga þar sem við nemum ekkert bara erum,
erum þetta A

sjáum, verðum það sem við sjáum,
sjáum í gegnum það og sjáum næsta,
sjáum í gegnum það og sjáum næsta
og koll af kolli.

Við verðum það sem við sjáum,
og ný sýn gleypir athygli okkar,
hið innra kemur út.

Ferlið kemur samhljómi og jafnvægi að á ný
-- í frumum líkamans, og í öllu í hinni sköpuðu veröld.

Ekkert er einangrað,
allt er alls staðar í senn.

Er einhver spurning um tært hljómfæði
eða ómstritt ískur sem riðlar hrynjandi ?

Spyrjið Ymi sjálfan.



Munnleg geymd, talað orð, söngur, humm djap जप jap japla.

Þjóðrerir hrærir upp í okkur, hristir upp í okkur,
Óðrerir hrærir upp í okkur,
okkur langar til að vekja meira og fleira.
Hér er heillandi heimur sem við vissum ekki af fyrr er nú.

Sjá bækur Hari Sharma, Contemporary ayurved og
Awakening Nature's Healing Intelligence.

samhita -- vitsmunir -- rishi/vata devata/pitta chhandas/kapha
beint úr vitsmunum
úr samhita án pragya-aparadh !!
(án mistaka sem mannlegir vitsmunir gera með því að falla útúr ferlinu,
sjá 3. um þríeindir)

ef heilinn virkar ekki fullkomlega vel,
ósamræmdar heilabylgjur (sem mælast á EEG)
er það pragyaaparadh að kenna,
ósamhljómi sem varð við að ferlið ÓðinnViliVei og ginnungagap riðlaðist.

pradña aparadha प्रज्ञ अपरध er upphaf allra veikinda, alls misræmis,
allrar geðflækju, og allra vandamála.

Með TM, sem lækna ráðleggja nú milljónum manna,
má kippa langflestum kvillum mannanna í lag,
fá réttan Gungni í frumur líkamans.

Hljóð og lögun er samræmt, nafn og form naamarúpa नामरूप

Veda sálfræði lýsir næmu og nánu sambandi milli hljóðs og lögunar, eða milli nafns og merkingar -- á sviði vedu.

Vedanna hljóð, ósköpuð eiginlega, tákna ákveðna Gungni, tíðnisvið, innan samsviðsins.

Öll skilningarvitin 5 (sem heild) mega kallast heyrn Heimdallar.

shrúti श्रुति samheiti allra fimm.

Rétt hljóð valda heilbrigði, en heil-brigði er það að finna heildina, ekki hið brotakennda, heldur grundvöll alls. Heild. Eind.

Einnig má syngja og spila gandharva í fjósinu handa kúnum, og mjólkin sem þær gefa okkur verður miklu betri á bragðið, og Gungnir hennar heilnæmur.

Athugið að hljóð vedanna -- og gapið milli þeirra sem þau eru úr -- er raunar svið náttúrulögmálanna í heyrnlegum hljóðum á sanskrít.

Ανομαλι /anomaly, eitthvað sem firrist hinn eðlilega samhljóm, truflar, eitthvað sem breðgur útaf því fullkomlega eðlilega. Vitsmunir gera skekkju, viðhafa rangindi gegn hrynjandi.

Þessi hagnýta hlið þekkingarinnar er að við endurheimtum rétta hrynjandi í líkamann okkar.

Til er „Maharishi Vedic Vibration Technology“ - Gungnis-tækni!!! sem byggir á því að mannslíkaminn er Gungnir, og einfalt er að stilla hann í fullkomlega heilbrigða heild.

Við getum vísað í niðurstöður vísindarannsókna, sem sýna að mannshugurinn, við að laðast nú að gleði Glaðheima, sýnir, við iðkun TM, þverrandi áhuga á vímuefnaneyzlu.

Það er vegna gleði Glaðheima sem er svo miklu stærri og varanlegri en ruglið.

Iðkun TM upprætir allan niðurrífandi ávana, svo sem efnaneyzlu.

Skýringin er,

að meiri gleði er fundin hér en nokkru sinni er hægt að finna í heiminum,
og sízt af öllu er hægt að finna gleði í því sem eyðileggur hið dýrmætasta.

Þegar hugsanir, orðræða, gjörðir manna eru í samhljómi við náttúrulögmálin, njóta þær stuðnings.

Séu þær ekki í samhljómi verða þær að engu. „Núllast út”, náttúrulögmálin vinna ekki með þeim,

náttúrulögmálin efla ekkert sem er rangt og ómstrítt.

Rétt einsog samræmdar / nú eða misræmdar bylgjur gera alls staðar í heimi,
annaðhvort efla hver aðra -- séu þær í samhljómi,
eða
verða veikar eða að engu séu þær á móti hver annarri,

þannig eflist það sem er í samhljómi við bylgjur úr tívatúni
þannig eyðist það sem ekki er í samhljómi við Gungni úr tívatúni.

Aðeins hið fullkomna blívur,
annað verður að engu.

Við ragnarök ymur hið aldna tré.
Þar heyrum við kveðju-óm.

Ama er afleiðing þeirra bylgna sem ekki styðja framþróun.
Þær eru til semsagt til ama.
Þetta þarf maðurinn að skilja.

Við skulum losa okkur við það sem ekki er gott,
gera rúm handa þeim gjörðum og hugsunum sem flýta þróun og hlíta þundarlögmálum.

Þróun byggir á jafnvægi,
þannig að það sem ekki er rétt hverfur.
Gefur rúm nýrri sköpun.
Finnur hið gullna jafnvægi æ á ný.

Maðurinn getur gert rétt, skapað, hugsað, sagt, gert, það sem styður.

Einnig það sem stríðir gegn, en slíkt veldur truflun, ójafnvægi.

Hver ein ómstríð gjörð hefur slæm áhrif á fullkomna hljómkviðuna og ið upprunalega jafnvægi náttúrulögmálanna.

Við köllum þetta í daglegu tali gott eða vont, gott eða illt,
rétt eða rangt,
og menn hafa mælikvarða,
en etv. gera þeir sér ekki grein fyrir hvað gerist.

Hér ættum við að skilja orsakasamhengið. Skilja alheims-Gungni.

Þetta virkar svona alls staðar í hinni sköpuðu veröld.

Við skulum ekki blanda neinum Guði í rétt og rangt nú, því hann verður
aðeins grýla sem spæjar, hegnir og umbunar; óþarfi að persónugera
svona auðskilið ferli sem Gungnisbylgjurnar okkar eru;
geirs-hugtakið er betra, því maður hefur vopn í hendi sér.
Gungnishugtakið er nóg hér, því það þýðir bylgjur.
Þessar alheimsbylgjur.
Okkar heims bylgjur eru Gungnir.

Við skulum skilja hvaða ábyrgð hvílir á manninum.
Hann heldur vopni vitundar, Gungni, geir Óðins.
Vopn eru vandmeðfarin.
Við verðum að skilja hvers vegna Gungnir er geir, vopn.

heshú हेष्टु geir
þýðir einnig það sem hratt fer yfir.

Hugsanir úr tívatúni eru alls staðar í senn,
því hér er hvorki tími né rúm,
aðeins völlur, aðeins tímarúmsfroða,
og hér eru ormagöng.

Hver manns hugsun, orðræða, gjörð, skulu ætíð vera í Þundarflæði (28.).

satyam brúúyat, að tala og hugsa aðeins í samhljómi við sannleikann
mikla.

Bezt er að læra tæknina til að fljúga með yóga-sútrum,
því þegar líkaminn lyftist mælast á heilalínuriti fullkomlega samræmdar
heilabylgjur, „toppar“ á heilalínuritinu,
sem smátt og smátt samræma alla heilastarfsemina

Til þess að taka aðeins réttar ákvarðanir,
til þess að engin röng eða neikvæð hugsun komi,
er bezt að samræma sig Gungni tívatúns.

Fara í Gungnis-stillingu - reglulega.

Til þess er tæknin TM og vitundarvísindin.
Tæknin og vísindin eru eitt, ekki tvennt.

Yogaflug sýnir að mannshugurinn getur unnið útfrá sviði sem er dýpra en þyngdaraflið, aðdráttaraflið.

Í yogafluginu vinnur mannshugurinn útfrá tívatúni og þar með innan þyngdar og aðdráttar (/beyglu í tímarúmsþynnunni).

Hækka þarf heimsvitund til þess að fleiri geti flogið og betur.

Nú þegar flýgur fjöldi manna,
og nefna hið glæsilega flug: nokkurra metra kjúkklingahopp, -- og brosa breitt!
Glaðheimar eru það,
en betur má gera.

Fyrsta stig er hopp
annað stig er að svífa
þriðja stig er að ferðast að vild í lausu lofti.

Menn eru á góðri leið með að gera heilann sinn fullkominn,
þróa hann einsog efni standa til,
lífga, með TM-sidhi og yogaflugi, samsviðið, tívatún, góðar gárur á Ægi.

Heilinn á miklu miklu miklu meiri möguleika en við nú teljum.

Hann er endalausir möguleikar nú ónýttir vegna vankunnáttu!!!

Skólakerfið er ekki til bóta, heldur er það svo forpokað að börn og unglingar hlaða inn streitu !!! í stað þess að verða altær. (37.)


Við vitum að vitund okkar er þessi völlur, þetta svið.

Við vitum nú að 4. vitundarstigið er annað en vaka, draumsvefn, djúpsvefn.

Vitundarvísindi eru veda-vísindi, í senn ævafor og nútímaleg.

Mannlegt taugakerfi, og mannlegur hugur, hafa hæfileikann til að lifa alheimsvitund, enda er allt í mannslíkamanum eins og hún.
Nákvæm samsvörun.

Við erum hér ekki að tala um hugmyndafræði eða heimspeki, heldur gallhörð vísindi,



Lagrangian

og útreikninga eðlisfræðingsins Dr. John Hagelins á þekkingu maharishis eðlisfræðings, sjáandi og heyrandi vitrings.

Við öðlumst beina reynzlu af samsviðinu, okkur eðlilegt, náttúrulegt, hægt heimatök.

Yagdñýjur eru ævaforð leið til að hafa áhrif á Gungni. Sérmenntaðir menn, pöndítar, kunna að framleiða þann Gungni sem gefur stuðning, sem eyðir slæmum Gungi, sem setur Gungni í jafnvægi.

Við þurfum að finna þann Gungni sem Verðandi (33.) er að senda okkur, og milda slæma Skuldu sem er að koma. Einnig örva með réttum Gungni góða Skuldu sem er að koma.

Aðeins á því sviði sem allt er út komið er hægt að framkvæma þetta.

Þaðan eru lögmálin, þá auðvitað Urður Verðandi Skuld sem eitt þeirra, (33.) sem eitt náttúrulögmálið.

Við komumst innfyrir lögmálin, og þá getum við stjórnað þeim að vild. (TM-tæknin er til að transcendera, fara úr hugsunum yfir í ginnungagap, tæra vitund.)

Allir menn hafa þennan hæfileika,

aðeins þarf að örva hann.

En auðvitað er tívatún sjálft meiri kraftur en lögmálin sem úr því koma.
Skiljanlegt.

Tívatún er kraftmeira en þyngdaraflið sem úr tívatúni kemur.
Auðskilið.
Mörgmörgmörgmilljónsinnum kraftmeira en kraftar í veröld.

Það útskýrir yogaflugið, sem er ofureinfalt ef vísindin og tæknin eru þekkt.
Einnig auðskilið.

Yagdñjyur geta bjargað einstaklingun og heilum þjóðum frá þeirra slæmu
Urði Verðandi Skuldu.

Yagdñya er hljóð, Gungnir, titringur og bylgjur úr grunnsviðinu sjálfu.
Þær hafa hárnákvæm áhrif.
Þær geta unnið gegn slæmri Skuldu,
hitta og upphefja Verðandi sem er á leiðinni -- fundna með djyótish-
útreikningum.

हेयं धुःखमनागतम् heyam dúhkham anaagatam
snúið við óheillavænlegri Skuldu sem í aðsigi er,
sem við erum al-ábyrg fyrir sjálf, einsog við vitum manna bezt nú!!

Einni geta yagdñjur eflt ágæti framkvæmda.
Þær eru framkvæmdar úr tívatúni,
ætið í samræmi við þróun, sem ætið heldur uppi -- dharma --
og ætið er til allra góðra verka vísast.

Þekkingin hefur varðveitt í aldir og árpúsund.
Gungnir úr samsviði allra náttúrulögmála.
Hljóð mantra vedanna.

Þekkingin er elzta, heildstæðasta, tærasta þekking sem finnst meðal
manna á jörð.

Munnleg geymd var geymd vedanna, síðar ritaðra á bækur,
munnleg geymd var geymd okkar menningararfs, síðar rísts og ritaðs.

Gungnatiðnimöguleika er ekki hægt að telja.
Við segjum að þeir séu 192,
192 í eind og eind sem 192.
Fjölbreytileiki heims í eind,

og eindin sem gefur af sér óendanlega margslunginn fjölbreytileikann.

Hugsanir þeirra manna sem stunda samsviðstækninna koma úr kraftmesta sviðinu.

Þær hugsanir eru sterkar.

djñjan shakti og kriya shakti इन शक्ति च क्रिया शक्ति च

kraftur kyrrðarinnar, kraftur framkvæmda þeirra sem kyrrðina lifa.

Þær „grundvallaðar“ hugsanir ná um allan heim,
um ormagöngin í tíma- og rúmsleysi.

Á sviði tívatúns

--- sköpunarorkunnar óendanlegu ---

eru allir möguleikar.

Mannshugur sem þaðan vinnur
hefur skaparann sjálfan sem „ekil lífsvagninsins síns“,
eða þannig,

yatíinaam brahmaa bhavati sarathi, यतीनां ब्रह्मा भवति सारथि
ginnungagap sem ekil lífs þíns



Arjuna og Krishna, Bhagavadgita

skaparinn er ekillinn, stjórnar gjörðum,
stjórnar líkamanum okkar.
Vagninn er líkaminn okkar.
Hvítir hestar Krishna eru skilningarvitin tær.

Þetta svið þekkingar er yndislegt.

Vitund alheims er á hreyfingu.
Orka og kyrrð í senn.
Minnug alls. (Mímir, 13.)

Nú brátt munu allir skólar (37., vitundasþroskamenntun) hafa þessa
þekkingu handa öllum börnum jarðar -- og um ókomnar aldir.
Þekking og vísindi hagnýt,

sem stillir Gungni heimsins okkar.

Breytir ókyrrð og ósamræmi í kyrrð og samræmi,
stríði í frið,
brotakenndri hugsun í heildarhugsun,
slæmri stjórn í fullkomna stjórnun (38.).

Við það eitt að einstaklingsvitund stingur sér í Ægi alheimsvitundar,
þ.e. sóast,
myndast Gungnir.
Það er Glæðheimagungnir. Óðins Gungnir.

Í meðvitund munu margir tívar vaktir og gerðir lifandi í mannheimi.

Við eigum mikið ólært og margt eftir að skilja betur.
En nú er engin afsökun, því vísindin eru aðgengileg öllum mönnum.

Skaparinn sjálfur verður ekill okkar

brahmaa bhavati sarathi ब्रह्मा भवति सारथि

Hugsanir á sviði hugsana, ná ekki langt út frá hugsandanum.
Sá sem eigi sóast hefur máttlausar og oft rangar hugsanir.
Dætur Ægis sjást á yfirborðinu.

En öldur hafsins eru hafið.
Dætur Ægis eru djúpið.
Mannsins er að lifa það svið.

Hægt er að mæla streitu í þjóðfélögum, og hefur verið gert.
Streita kemur út sem illindi, stríð, fiknir, óregla, ofbeldi, slys,
náttúruhamfarir, veikindi.

Meissner-áhrif og Maharishi-árhif eru mælanleg, vísindalega séð.
(38., friður, stjórnarskrá alheims)

Reynt hefur verið með bænir sem virkan friðargjafa, en þúsundir lágu á bæn í
kyrkjum í einu í nokkurn tíma, maraþonbænir, og reiknað var út slysatíðni og
ófriðarupppákomur í umhverfinu í þennan tíma miðað við engrabænatíma.
Misunurinn var núll. Þetta var herjans stórt þrábæni.
En hugsanir og óskir á sviði hugsana höfðu ekki róandi áhrif í þjóðfélaginu.


Bænir eru á sviði hugsana og oft á sviði tilfinninga, eru einbeiting og betl,
bónbeiðsla. Væntingar, trú og von. Það er allt veraldlegir mannlegir þættir.

Margir enda oft bón sína (allar bænir sínar) á: eigi sem ég vil, svo áhrifin mildast enn, eftirvæntingin er lögð til hliðar, Urður Verðandi Skuld hafa frjálsar hendur eftir sem áður.

Enn og aftur má nefna fokdýrar rannsóknir vísindamanna sem heita á hinu málinu particle experimentalists -- manna sem fá milljónir dollara í tæki og í laun ár eftir ár, fara innar og innar í efnið en finna ekki það sem leitað er að. Þeir fara innar og innar í Gungni, en ekki í tívatún. Ekki í Gungni sem til verður í tívatúni.

Tæki, hversu flott sem þau annars kunna að vera, nema ekki það sem leitað er: fingerðustu smáatriðin um samsviðskenninguna.

Hins vegar getur mannshugurinn, tækjalaust, upplifað þetta svið, og sé vísindamaðurinn altær, „sér“ hann þetta allt saman. Hann þarf aðeins að vera „sjáandi“ -- og það næst mönnum auðveldlega -- einnig á vísindalegan hátt. Miklu ódýrari, einfaldari, fljótlegri og árhifaríkari leið.



© Global Country samsviðskortið með mannshuganaum

-Vísindi - og vísindalega sannað er hvað?
ekki er gott að nota óskilgreind hugtök.

-Vísindi eru ferli, skipulegt ferli, til að öðlast þekkingu, völvá litla,
tækni er að beita þekkingu til að ná eftirsóttu markmiði.

Vísindalega sannað: þegar hægt er að framkalla með ákveðnu vituðu ferli eða gjörðum, fyrirframvituð áhrif eða ástand, hvenær sem er, alltaf þau sömu.

Þegar rannsóknir og niðurstöður uppfylla þessi skilyrði teljast þær til vísinda.

Vitundarvísindi fjalla um það svið sem við nú tölum um.

(Maharishi Vedic Science of Consciousness.)

Auðvelt er að sanna áhrifin af TM-sidhi® iðkun,
Maharishi-áhrifni eru mælanleg áhrif,
og það með vísindalega sannað að þau virka,

hægt að útskýra hvernig þau virka,
þar með óvæfengjanleg áhrif;
sanna kenninguna um að mannlegt vitund er alheimsvitund.

Nútímavísindi hafa þann metnað að skilja sköpun.

Séu allar upplýsingar um tré í fræi,
skilst að allar upplýsingar um veröld eru í eindinni.

Vísindin vilja finna þetta.

Skilningur flæðisins úr vedum er grundvöllur undir skilning á að meðvitund mannveru getur unnið út frá tívatúni.

Þaðan kemur aðeins hið týrétta.

Þegar menn þekkja vedur sjá þeir flæðið úr gapinu,
sjá hvernig sköpun verður,
á sviði óendanlegra möguleika.

Vitundarvísindi vedanna, og tæknin,
gera mannlegri vitund kleift
-- og það er ofureinfalt –
að vera svið allra möguleika.

Er ekki til mikils að vinna fyrir heiminn okkar?

Hið æðsta markmið allra vísinda: yndisleg veröld, góður mannheimur.

Þetta er á okkar færi!

Þetta er á okkar ábyrgð.

Fyrir þá sem þekkja „Superstring theories“, kenninguna um höft og bönd (guðin), er vitað mál að kraftar svo sem ljóseindir, rafsegull og það allt, er Gungnir, ákveðnar bylgjuhreyfingar (Energy Eigenstates).

Frumeindir, sameindir, stórt og smátt, lýtur einnig þessu.

Breyting eins í annað, og efnasambandabreytingar, eru alltaf vegna Gungnis.

Vedavísindin eru fullkomin vísindi um samasvið allra náttúrulgömla. og þar með talin öll hugsanleg Gungnis-svið.

Með þeim er hægt að breyta hverju sem er í hvað sem er.

Til þess að rækta heilbrigðar plöntur hefur landbúnaðurinn nýtt sér þessi vísindi.

Til þess að rækta heilnæma fæðu.
Heilbrigð efni í fötin okkar.

Til þess að koma réttum hljóðbylgjum á í líkamanum okkar,
er Gungnis-efnafræði einnig beitt.

Getið þið hugsað ykkur að læra að syngja fyrir gróður jarðar?

Þetta hljómar einsog framleiðslubylting!
Að lifga tívatún í gróðri jarðar, nytjaplöntum sem öðru.

Þá þurfum við að skilja að þannig ræktar maður næringarrikustu
nytjajurtirnar, auðmeltar, sem næra huga, líkama og andann,
setja réttan Gungni í börnin okkar og alla þá fullorðnu.

Réttur Gungnir í allri okkar ræktuðu fæðu, og í villtri náttúrunni.

Það veldur fullkomnu heilbrigði allra þjóða.

Nú munið þið hlusta á móður náttúru (36.) með allt öðru hugarfari en
þið nokkru sinni fyrr hafið upplifað.
Nú skiljið þið brátt fuglamál.

Hafið þetta í huga einnig þegar þið kynnið ykkur að matur er mannsins
megin. (39.)

Allt annað hugarfar nú en nokkru sinni fyrr í þessu ykkar lífi.

<http://www.globalfinancialcapitalny.org/invincibility.html>
seven projects in favor of life on earth global financial capital NY

Að skilja fullkomlega hvernig heilbrigð ræktun er © Global Country
Dr. Peter Swan

- Nutrient cycling
- Create soil structure
- Nutrient and moisture retention
- Disease suppression
- Degrades toxins, and buffers animals and plants from toxins
- Self-regulating
- Self-fertilizing cycle



http://www.mvoai.org/07_consciousness.html

वेद अखिलो धर्ममूलम्

veda er rótin og uppruni alls
þaðan kemur þekkingin nú til okkar -- hin æðstu og tærustu vísindi.

Hægt er að lækna allt misræmi í líkamanum með réttum Gungni hljóða.



ISBN 978-9935-409-34-8

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality“-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap“. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkunnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hverrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenskka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð
Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
